Samtök atvinnulífsins
Borgartún 35
105 Reykjavík

TILKYNNING UM VINNUSTÖÐVUN

Fyrir hönd Eflingar - stéttarfélags tilkynni ég Samtökum atvinnulífsins um ótímabundna vinnustöðvun tiltekins hóps félagsmanna sem hefst á neðangreindri dagsetningu. Fundur samninganefndar Eflingar - stéttarfélags haldinn 28. febrúar 2019 samþykkti að láta fara fram atkvæðagreiðslu um boðun þessarar vinnustöðvunar skv. 2. mgr. 15. grein laga 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur.

Vinnustöðvunin tekur til félagsmanna Eflingar sem vinna hjá fyrirtækinu Almenningsvagnar Kynnisferð ehf. (svo stafs. skv. Fyrirtækjaskrá Ríkisskattastjóra), Klettagörðum 12, 104 Reykjavík (kt. 631299-2379) skv. almennum kjarasamningi milli Samtaka atvinnulífsins og Eflingar – stéttarfélags, Verkalýðsfélagsins Hlífar, Verkalýðs- og sjómannafélags Keflavíkur og nágrennis og Stéttarfélags Vesturlands sem rann út þann 31.desember 2018.

Samningaviðræður um framlagðar kröfur Eflingar - stéttarfélags vegna endurnýjunar þessa kjarasamnings fyrir hönd félagsmanna sinna hafa reynst árangurslausar þrátt fyrir milligöngu ríkissáttasemjara.

Vinnustöðvunin tekur til allra hópbifreiðastjóra og annarra félagsmanna Eflingar sem vinna hjá fyrirtækinu Almenningsvagnar kynnisferð ehf. samkvæmt ofangreindum kjarasamningi Eflingar og SA á félagssvæði Eflingar sem nánar tilgreint er lögsagnarumdæmi Reykjavíkur, Kópavogs, Seltjarnarness, Mosfellsbæjar og Kjósarsýslu að Botnsá, Grímsnes og Grafningshrepps, Hveragerðisbæjar og Sveitarfélagsins Ölfus auk Hafnarfjarðar og Garðabæjar.

Vinnustöðvun félagsmanna Eflingar á ofangreindum vinnustað er með þeim hætti að félagsmenn mæta til vinnu og inna af hendi venjubundna vinnuskyldu sína en með þeim takmörkunum sem tilgreindar eru sbr. neðangreint.

- Frá og með 18. mars 2019 klukkan 00:01 og til ótilgreinds tíma:
    - Bílstjórar annast ekki eftirlit með greiðslu fargjalds, óháð greiðslumáta.

Starfsmönnum sem vinnustöðvunin tekur til er áskilinn fullur réttur til greiðslu launa fyrir störf sín utan ofangreindrar vinnustöðvunar og fyrir störf sem kann að vera bætt við starfsskyldur þeirra í stað þeirra sem vinnustöðvunin tekur til.

Greidd voru atkvæði um vinnustöðun þessa í rafrænni leynilegri atkvæðagreiðslu samkvæmt heimildarákvæði 2.mgr. 15.gr. laga nr. 80/1938 og var kjörskrá sett saman með tilliti til þess og á henni þeir félagsmenn Eflingar sem vinnustöðvunin nær til.

Efling-stéttarfélag • Sætún 1 • 105 Reykjavík • Sími 510 7500 • www.efling.is

Alls voru á kjörskrá 94 félagsmenn. Atkvæði greiddu 66. Samþykkir verkfallsboðun voru 64 og var tillaga um verkfallsboðun því samþykkt með 97% greiddra atkvæða.

Reykjavík, 10. mars 2019

Sólveig Anna Jónsdóttir

Sólveig Anna Jónsdóttir
formaður Eflingar - stéttarfélags

Efling-stéttarfélag • Sætún 1 • 105 Reykjavík • Sími 510 7500 • www.efling.is